



Kæru nýnemar og forráðamenn

Nýnemakynning verður þriðjudaginn 18. ágúst. Þar kynna umsjónarkennarar skólastarfið og ýmislegt sem fylgir því að byrja á nýju skólastigi.

Mikilvægt er að nýnemar hafi nálgast sinn **eigin íslykil** eða eigi sín eigin **rafræn skilríki** en það er forsenda þess að þeir hafi aðgang að Innu (sem er sambærileg Mentor).

Vegna sóttvarnaaðgerða verður hverjum bekk skipt í tvennt og biðjum við nemendur að skoða vel hvenær og hvar þeir eiga að mæta.

Bekkir	Stofa	Hverjir mæta? Nemendur hvers nöfn hefjast á:Hverjir mæta	Hvenær
4. A	151 í Casa Nova	A-J	Kl. 9:00-11:00
4. A	153 í Casa Nova	K-V	Kl. 9:00-11:00
4. B	251 í Casa Nova	A-H	Kl. 9:00-11:00
4. B	253 í Casa Nova	J-V	Kl. 9:00-11:00
4. C	10 í Casa Christi	A-J	Kl. 9:00-11:00
4. C	8 í Casa Christi	L-Þ	Kl. 9:00-11:00
4. D	152 í Casa Nova	Nemendur með frönsku sem 3. mál	Kl. 9:00-11:00
4. D	252 í Casa Nova	Nemendur með spænsku sem 3. mál	Kl. 9:00-11:00

Bekkir	Stofa	Hverjir mæta? Nemendur hvers nöfn hefjast á:	Hvenær
4. E	151 í Casa Nova	A-E	11:00-13:00
4. E	152 í Casa Nova	G-P	11:00-13:00
4. F	153 í Casa Nova	A-Kar	11:00-13:00
4. F	253 í Casa Nova	Kat-Þ	11:00-13:00
4. G	251 í Casa Nova	A-R	11:00-13:00
4. G	252 í Casa Nova	S-V	11:00-13:00

Bekkir	Stofa	Hverjir mæta? Nemendur hvers nöfn hefjast á:	Hvenær
4. H	8 í Casa Christi	A-P	13:00-15:00
4. H	10 í Casa Christi	R-Ö	13:00-15:00
4. I	151 í Casa Nova	A-I	13:00-15:00
4. I	152 í Casa Nova	Í-Ú	13:00-15:00
4. J	251 í Casa Nova	A-H	13:00-15:00
4. J	252 í Casa Nova	I-S	13:00-15:00



Það er mikilvægt að þið mætið á nýnemakynninguna, hittið umsjónarkennara ykkar og fáið leiðsögn um húsnæði skólans og þá þjónustu sem veitt er.

Kennsla 4. bekkja hefst mánudaginn 24. ágúst. Kennslan verður sambland staðkennslu og fjarkennslu svo lengi sem sóttvarnaryfirvöld setja fjöldatakmarkanir. Þið fáið afhentar nánari upplýsingar um fyrirkomulag kennslunnar á nýnemakynningunni. Svo og fá forráðamenn upplýsingar í tölvupósti.

Skólinn verður settur formlega miðvikudaginn 19. ágúst kl. 14:00, ekki í Dómkirkjunni eins og hefð er fyrir heldur verður skólasetningunni streymt á heimasíðunni. Þennan sama dag verður opnuð ný heimasíða skólans.

Við hlökkum til að fá ykkur í raðir MR-inga en um leið þykir okkur leitt að kennsla hefst með óhefðbundnu sniði. Við vonumst til að kennsla geti hafist að fullu í staðnámi sem allra fyrst en þar til það er mögulegt leggjum við okkur fram við að þið getið komið í skólann á ákveðnum tímum.

Skrifstofa skólans er að flytja niður á 1. hæð í Gamla skóla. Vegna flutninga opnar bóksalan ekki fyrr en mánudaginn 17. ágúst.

Kveðja,

Elísabet Siemsen, rektor